

## Fundur í stjórn foreldrafélagsins 17.nóvember 2009.

Mættir voru:

Ásdís, Elísa, Erla Rán, Hrafnhildur, Jón og Vaka

Stjórnin byrjaði á að skipta með sér verkum. Verkaskipting varð eftirfarandi:

Elísa Formaður

Jón Gjaldkeri

Vaka Ritari og fulltrúi í Samtaka

Næstu verkefni stjórnarinnar eru innheimta félagsgjalda og fundur með bekkjarfulltrúum.

- Jón gjaldkeri ætlar að stofna reikning og stefnt er að því að senda út innheimtubréf í næstu viku. Gjald verður 2000 krónur pr. heimili.
- Fundur með bekkjarfulltrúum verður haldinn næstkomandi þriðjudag 24.nóvember. Markmið fundarins er að ræða fyrirkomulag bekkjarstarfsins. Eftirfarandi tillögur komu fram:
  - a. Halda a.m.k. eitt bekkjarkvöld í samstarfi við kennara.
  - b. Skoða möguleika á að halda öskudagsball í Naustaskóla (mögulega fjáröflun fyrir 7.bekk)

Ýmis önnur hagsmunamál foreldra voru rædd á fundinum

- Stjórnin vill leggja áherslu á það við foreldra að Naustaskóli er opinn skóli, foreldrar eru velkomnir í heimsókn hvenær sem er. Einnig þætti okkur æskilegt að efla tengsl skólans og nærumhverfis bæði varðandi nýtingu á skólahúsinu s.s. fyrir félagasamtök, hljómsveitir og kóra. En einnig að fá meira samstarf við t.d. eldri borgara. Meðal hugmynda var:
  - a. Skoða möguleika á að eldri borgarar kenni eldri bekkjum félagsvist
  - b. Gömlu dansa ball /kennsla með eldri borgurum
  - c. Föndur eða lestur með yngri krökkunum
  - d. Fá foreldra í stuðning í skólanum t.d. í útikennslu, vettvangsferðum eða í forföllum.
  - e. Eldri nemendur hjálpi yngri nemendum t.d. í útikennslu og vettvangsferðum.
- Æskilegt væri að samræmi væri á milli bekkja varðandi upplýsingagjöf til foreldra. Á fundinum kom fram að ekki fá allir foreldrar bréf í vikulokin og það setja ekki allir kennarar inn heimavinnu.
- Foreldrafélagið er ánægt með þá stefnu sem sett var fram í upphafi skólaárs að nemendur komi eingöngu með hollt og gott nesti. Mikilvægt að fylgja því eftir.
- Hugmynd kom fram varðandi að hafa Opið hús fyrir unglingana í hverfinu til þess að efla tengslin þar sem einungis hluti þeirra er í skólanum.